Á KJARVALSSTÖÐUM

ÍSLENZK GRAFÍK

Íslensk Grafík er eitt af því bezta, sem myndlistamenn hafa uppá að bjóða á Listahátíð 1976. Sýningunni er mjög vel og skipulega fyrir komið og val myndanna hefur tekizt með miklum ágætum. Þetta er yfirlitssýning á íslenzkri grafík og er því ekki óeðlilegt þótt marka megi allsterkt kynslóðabil milli þeirra listamanna, sem nú eru í fullu fjöri og þeirra, sem gerðu grafíkmyndir fyrir tveim, þrem áratugum eða svo.

Í sýningarskrá segir m.a. svo: „Þessi yfirlitssýning á íslenzkri grafík er sú fyrsta sinnar tegundar hérlendis. Markmiðið með sýningunni er að gera úttekt á því bezta, sem gert hefur verið í grafík undanfarna áratugi." Síðan segir: „Við nánari könnun hefur komið í ljós að ótrúlega margir hafa fengizt við grafík fyrr á árum, en í misríkum mæli. Í mörgum tilfellum hefur nú verið forvitnileg tilraun og síðan ekki söguna meir."

Meðal eldri verka á þessari sýningu ber mest á listafólkinu Jóni Engilberts, Barböru Árnason og Braga Ásgeirssyni.

Myndir Jóns Engilberts eru alls 35 talsins þannig að segja má að þar gæti alveg verið um sjálfstæða sýningu að ræða. Myndir Jóns eru yfirleitt vel gerðar enda þótt þær verði varla jafn hátt skrifaðar og beztu oliumyndir listamannsins. Hlutur Jóns hefði tvímælalaust verið betri á þessari sýningu hefðu myndirnar verið mun færri. Sögulega séð er þó hægt að réttlæta svo margar myndir eftir Jón Engilberts.


Konu og mannamyndir Braga Ásgeirssonar eru alveg í sérflokki og eru þær yfirleitt allar mjög vel gerðar. Litografía nr. 31 frá 1956 er mjög skemmtileg mynd. Opið og Þankar eru einnig mjög góðar myndir.

Myndir Barböru Árnason eru hver annarri betri. Þær elztu eru frá því fyrir stríð og allt fram til 1975. Síðustu myndirnar eru e.t.v. athyglisverðastar og sterkastar en allsstaðar kemur fram þessi mildi og ljóðræni tónn, sem einkennir allt sem þessi listakona lét frá sér fara.


Meðal eldri listamanna má á sýningunni sjá skemmtilega hluti eftir Mugg, Kjarval, Gunnl. Scheving og Leif Kaldal. Dúkristur Snorra Arinbjarnar og Jóhanns Briem úr sunnudagsblaði Alþýðublaðsins frá 1935 eru sérstakar auk hins sögulega gildis, sem þær hafa fyrir þróun íslenzkrar blaðamennsku.

Yngstu listamennirnir vekja að sjálfsögðu nokkra forvitni. Það bezta gefur jafnvel fyrirheit um uppvaxandi meistara í grafíklist hér á landi. Þeir sem hæst bera meðal yngri manna á þessari sýningu eru Richard V. Jóhannsson, Ólafur H. Gunnarsson, Björg Þorsteinsdóttir, Skúli Ólafsson, Valgerður Bergsdóttir, Jóhanna Bogadóttir, Jón Reykdal, Reinhild Patzelt, Lisa Guðjónsdóttir og Ragnheiður Jónsdóttir. Allt þetta fólk á góðar myndir á sýningunni og myndar jafnframt þá uppistöðu, sem gerir sýninguna í heild að stórum listviðburði á Íslandi. Ýmsir aðrir eiga þarna ágætis verk.

—BJ



Helgi Þorgils Friðjónsson á þessa skemmtilegu ætingar á sýningunni.




Þróun eftir Richard V. Jóhannesson. Richard á þrjár myndir á sýningunni, allar frumlegar og snilldarlega vel gerðar.



Gata í Reykjavík. Skurðmynd eftir Snorra Arinbjarnar.

SUNNUDAGSBLAÐ
ALÞÝÐUBLAÐSINS

II. ÁRGANGUR SUNNUDAGINN 7. JÚLÍ 1935. 27. TÖLUBLAÐ



Björg Þorsteinsdóttir: Quartett, Blúndur og blásýra, Duett.



Myndirnar Krossfesting og Fangi eftir Jóhönnu Bogadóttur, mjög efnilega listakonu.

LEIKFÉLAG AKUREYRAR Á LISTAHÁTÍÐ:

GLERDÝRIN Í IÐNÓ

Hvergi á landinu, utan Reykjavíkur, er leiklistarlíf með slíkum ágætum sem á Akureyri. Við Leikfélag Akureyrar starfa nú sjö fastráðnir leikarar og aðrir leikhússtarfsmenn, en þetta er þriðja starfsár félagsins með fastráðnu starfsliði.

Eins og víðasthvar annarsstaðar úti á landi hefur leiklistarstarfsemi þó verið haldið uppi af áhugafólki um langt árabil. Það má því segja að atvinnuleikararnir, sem nú eru að koma fram á sjónarsviðið hafi vaxið upp úr hinni sérstöku leiklistarmenningu dreifbýlisins.

Á fundi með blaðamönnum á mánudag sagði Eyvindur Erlendsson, leikhússtjóri á Akureyri, nokkuð frá starfsemi félagsins, sem nú hefur á að skipa fastráðnu starfsliði. Yfirleitt eru sýningar tvisvar í viku, þ.e. á föstudögum og sunnudögum. Leikfélagið hefur einnig lagt nokkra áherzlu á að taka til sýningar verk, sem ekki hafa verið sýnd áður. Sagði Eyvindur að það væri þó ýmsum annmörkuð háð. Bæði að því er varðaði velþýdd erlend verk og einnig innlend leikrit, sem væru heppileg til flutnings.

Eyvindur sagði að nokkuð mikil áhætta fylgdi því að taka upp verk, sem ekki hefðu verið kynnt áður. Erfitt væri að segja til um undirtektir slíkra verka. Hinsvegar væri mun auðveldara að sýna leikrit sem reynsla hefði fengizt á.

Um þessar mundir er Karl Guðmundsson leikari að vinna að þýðingu á Skýjunum eftir griska rithöfundinn Aristophanes, sem var uppi 448 til 380 fyrir Krist og var þekktastur fyrir ádeiluleikrit sín og satirur. Verkið verður væntanlega tekið til flutnings í haust.

Á þessu starfsári hefur félagið aðallega sýnt Kristnihaldið og Glerdýrin og verður það síðarnefnda sýnt á Listahátíð í Reykjavík í kvöld og svo aftur á föstudag. Sýningarnar á Glerdýrunum eftir Tennessee Williams verða í Iðnó og hefjast kl: 8.30.

Leikstjóri er Gísli Halldórsson en Jóhannes Þór Pálsson gerði leikmynd. Leikarar eru: Sigurveig Jónsdóttir, Aðalsteinn Bergdal, Saga Jónsdóttir og Þórir Steingrímsson.

—BJ